

Skipulagsstofnun
Tinna Jónsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2021
UST202105-333/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hafravatnsvegur – lagfæringar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrhugaðar eru lagfæringar á Hafravatnsvegi frá gatnamótum við Nesjavallaveg og langleiðina að Úlfarsfellsvegi á alls um 4,2 km löngum kafla. Stór hluti framkvæmdasvæðisins er innan svæðis nr. 130 á náttúruminjaskrá: *Úlfarsá og Blikastaðakró*. Verndargildi svæðisins er talið vera: *Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífaudugar fjörur*.


Áætluð efnisþörf er um 20.000 m³ og þar af munu koma um 6.000 m³ úr skeringum við veginn.

Ætlunin er að endurbyggja núverandi veg sem verður hækkaður og breikkaður. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði alfarið innan veghlegunarsvæðis núverandi vegar.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist í sjónrænum áhrifum skeringa við veginn. Unnt er að draga verulega úr þessum áhrifum með góðum frágangi skeringa og aðlögun þeirra að landi. Umhverfisstofnun telur ekki að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 130 á náttúruminjaskrá.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur